

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2025, þriðjudaginn 2. desember kl. 13:00 eftir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1234. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.

Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Hafðís Anna Bragadóttir, Sigrún Reynisdóttir og Sigurður Stefán Karlsson.

Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Ármúli 4 – breytingaerindi - USK25110377

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25050524 þannig að xx í leikskóla í mhl. 02 í húsi nr. 4 við Ármúla.

Frestað. Vísað til athugasemda.

2. Baldursgata 17 - USK25080047

Sótt er um leyfi til að breyta skráningu úr ósamþykktu íbúð 0102 í samþykktu íbúð í húsi á lóð nr. 17 við Baldursgötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

3. Bankastræti 12 - USK24090313

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, innrétta veitingasal á 2. hæð fyrir 50 gesti í veitingahúsi í flokki II, tegund f í húsi á lóð nr. 12 við Bankastræti.

Erindi fylgir yfirlit breytinga að aðaluppdráttum samþykktum 7. júlí 2020.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

4. Barmahlíð 38 - USK25040182

Sótt er um leyfi til að innrétta íbúð á sér fastanúmeri í risi fjölbýlishúss á lóð nr. 38 við Barmahlíð.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 5. febrúar 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

5. Bitruháls 2 - USK25040385

Sótt er um byggingarleyfi fyrir fjórum 40 feta frystigámum auk breytinga á innra skipulagi og flóttaleiðum í húsi á lóð nr. 2 við Bitruháls.

Umsókn fylgir greinargerð frá Brunahönnun slf. dags. 25. febrúar 2025 og lögð fram breyting á deiliskipulagi dags. 8. apríl 2004.

Frestað. Vísað til athugasemda.

6. Bragagata 26A - USK25070383

Sótt um byggingarleyfi til að fjarlægja kvist á norðurþekju, stækka og endurgera kvist á suðurþekju einbýlishúss á lóð nr. 26A við Bragagötu.

Stækkun: 0.5 ferm., 29.0 rúmm.

Erindi fylgja skuggavarpsteikningar dags. 5. júní 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 9. janúar 2018.

Sjá einnig fyrirspurn til Skipulagsfulltrúa USK25050239 Bragagata 26A - (fsp)
Viðhaldsframkvæmdir og bæta við þakglugga

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

7. Breiðhöfði 3 - USK25110144

Sótt er um leyfi til að rífa iðnaðarhús á lóð nr. 3 við Breiðhöfða.

Niðurrif fasteignanr. F2042999 mhl. 01, merkt 0101 iðnaðarhús 299 ferm., og mhl. 02 merkt 0101 skrifstofa 191,5 ferm.

Erindi fylgir áætlun um meðhöndlun á byggingar- og niðurrifsúrgangi dags. 3. nóvember 2025 og afsal dags. 26. nóvember 2025.

Niðurrif samtals: 490,5 ferm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

8. Eggertsgata 35 - USK25100488

Sótt er um heimild til að innrétta listasmiðju í mhl. 02 við leikskóla á lóð nr. 35 við Eggertsgötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

9. Eiríksgata 19 - USK25090030

Sótt er um áður gerðar framkvæmdir þannig að sótt er um að breyta íbúðum og lækka kjallara í fjölbýlishúsi á lóð nr.19 við Eiríksgötu.

Erindi fylgir mæliblað 1.195.2 dags 21.8.2009

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

10. Freyjugata 43 - USK25110055

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi þannig að eldhús 1. hæðar er fært til, og opnað út á upphækkaða verönd með hurð á suðurgafli, hluti af kjallara er innréttaður sem íbúð og gluggar eru síkkaðir á austurhlið einbýlishúss á lóð nr. 43 við Freyjugötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 8. júní.

Frestað. Vísað til athugasemda.

11. Grandavegur 47 - USK25100185

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN06001 með síðari breytingum USK22122926 og USK2410015, þannig að innra skipulagi, glugga- og hurðasetningum er breytt í íbúðum 0005 og 0006 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 47 við Grandaveg.

Erindi fylgir fylgir starfsábyrgðartrygging og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 9. júlí 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

12. Grensásvegur 50 - stöðuleyfi - USK25100315

Sótt er um stöðuleyfi fyrir gám/vinnuskúr á lóð nr. 50 við Grensásveg.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

13. Grensásvegur 8 – breytingaerindi - USK25110057

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25060022 þannig að uppskiptingu glugga og gluggaísetningu er breytt samfara endurnýjun á þaki og klæðningu útveggja á verslunar- og skrifstofuhúsi 1, mhl.01, nr.8 á lóð nr. 8-10 við Grensásveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 8. júlí 2025.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

14. Gunnarsbraut 36 - USK25100448

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum og til að fjölga eignum í fjölbýlishúsi á lóð nr. 36 við Gunnarsbraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 4. desember 2001 samþykki meðeiganda dags. 25. september 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

15. Gylfaflöt 4 - USK25060398

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054080 þannig að brunavörnum er breytt í iðnaðarhúsi á lóð nr. 4 við Gylfaflöt.

Erindi fylgir brunahönnun frá Öruggeri dags. 11. nóvember 2025, yfirlit breytinga og svör við athugasemdum HER ódagsett.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

16. Hafnarstræti 18 - USK25080263

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN054146, með síðari breytingum BN056543, BN058455, USK23050206 og USK25010338 þannig að innra skipulagi er breytt í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 18 við Hafnarstræti.

Erindi fylgir Umsögn MÍ dags. 26. nóvember 2025, greinargerð Öruggeri um brunavarnir útg. V04 dags. 11. nóvember 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 11. mars 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

17. Hagamelur 55 - USK25110426

Sótt er um leyfi til að rífa mhl. 02 á lóð nr. 55 við Hagamel.

Erindi fylgir umsögn MÍ dags. 7. desember 2022, ástands og kostnaðaráætlun dags. 10. febrúar 2023, deiliskipulagsbreyting ódags, húsakönnun og fornleifaskráning dags. 25. september 2024,

Niðurrif F2026384, mhl. 02, merkt 0101 barnagæsla 256,8 ferm.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. mars 2023,

Stærð niðurrifs:

ferm. 256,8

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

18. Hlaðbær 17 - USK25100382

Sótt er um leyfi fyrir tveimur færanlegum kennslustofum auk tengibyggingar mhl. 02, 03 og 04 í notkunarflokki 5 sem mun hýsa 24 börn og 5 starfsmenn á lóð nr. 17 við Hlaðbæ.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dagsett í nóvember 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

19. Hringbraut 110 - USK25090185

Sótt er um leyfi til þess að stækka sérbýlishús og breyta notkun í að hluta gistiheimili á lóð nr. 110 við Hringbraut.

Erindi fylgir gátlista aðaluppdráttar og yfirlit breytingar dags.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

20. Klapparstígur 26 - USK25110028

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, færa hótelinngang, innrétta veitingastað í flokki ? teg? fyrir 50 gesti í rými 0103, verslun í rými 0103, stækka út að steyptu handriði 5. hæð, byggja fimm hæða viðbyggingu, auk kjallara við vesturhlið og fjölga herbergjum í gistiheimili í flokki ? teg ? í alls ? fyrir ? gesti í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 26 við Klapparstíg.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 3. nóvember 2025 og yfirlit breytinga á ósamþykktum skýringarteikningum dags. 21. október 2025.

Hjálagt er deiliskipulagsuppdráttur auglýstur í B-deild Stjórnartíðinda 25. ágúst 2025

Frestað. Vísað til athugasemda.

21. Klapparstígur 31 - USK25040439

Tilkynnt er um framkvæmd sem snýr að því að setja upp stálgirðingu við port á lóð nr. 31 við Klapparstíg. Erindinu fylgir umsókn skipulagsfulltrúa við fyrirspurn dags. 5. desember 2024 og tölvupóstur frá slökkviliðinu vegna fyrirspurnar dags. 8. maí 2024.

Samþykkt.

Staðfest er að tilkynning þessi samræmist skipulagsáætlunum og fellur innan þeirra marka sem tilgreind eru í gr. 2.3.6 í byggingareglugerð.

22. Korngarðar 2 - USK25080227

Sótt er um leyfi til að breyta notkun og innra skipulagi neðri hæðar og innrétta sem smávörulager-og vöruafhending og að auki bætti fjórum innkeyrsluhurðum, þremur á suðurhlið og einni á norðurhlið skrifstofuhúss á lóð nr. 2 við Korngarða.

Erindi fylgir umboð eigenda dags. 30. september 2025 og greinargerð Brunahönnunar slf. um brunavarnir dags. 20. ágúst 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

23. Laugavegur 146 - USK25090226

Sótt er um heimild til að bæta aðgengi og flóttaleiðir með því að gera nýjan inngang að bílageymslu á jarðhæð íbúðarhúss Búseta á lóð nr. 146 við Laugaveg.

Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 19. október 2025 og yfirlit breytinga aðaluppdrætti samþykktum 9. júlí 1992.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

24. Laugavegur 16 - USK25050486

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypa viðbyggingu, fjórar hæðir og kjallara gera nýtt anddyri/aðalinngang og fjölga hótélherbergjum í ? fyrir alls ? gesti á Hótél Skjaldbreið, hótél- og verslunarhúsi á lóð nr. 14 við Laugaveg.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir undirrituð samþykkt byggingarfulltrúa Reykjavíkur um sameiningu lóðanna Laugavegur 12b og Laugavegur 16 dags. 20. nóvember 2025, afrit af kvittun sýslumanns vegna móttöku mæliblaðs til þinglýsingar dags. 21. nóvember 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 22. júní 1948.

Frestað. Vísað til athugasemda.

25. Laugavegur 18 - USK25010173

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og auka gestafjölda í 348 á veitingastað í fl. II teg. c í rými 0101 í verslunar- og gistihúsi á lóð nr. 18 við Laugaveg.

Erindi fylgir greinargerð Öruggr um brunavarnir útg. V01 dags. 7. janúar 2025 og ódagsett greinargerð hönnuðar.

Frestað. Vísað til athugasemda.

26. Laugavegur 27F - USK25110083

Sótt er um leyfi til að fjölga gestum veitingahúss í flokki II tegund e í 55 manns auk 10 manns á biðsvæði, jafnframt eru brunavarnir og flóttaleiðir uppfærðar fyrir rými 0214 í fjölbýlis- og skrifstofuhúsi, mhl.01, á lóð nr. 40 við Hverfisgötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 3. september 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

27. Miðtún 11 - USK25100266

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á einbýlishúsi mhl. 01 og bílskúr mhl. 02 á lóð nr. 11 við Miðtún.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 28. maí 1942.

Stækkun:

Mhl. 01: xx ferm., xx rúmm.

Mhl. 02: xx ferm., xx rúmm.

Ferm. XX,X rúmm. XX,X

Frestað. Vísað til athugasemda.

28. Mjólnisholt 6 - USK25050444

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052156 þannig að komið er fyrir utanáliggjandi stigahúsi á bakhlið, eldri stigar fjarlægðir og gerðir inngangar frá svölum, bætt við íbúð í risi og byggður geymsluskúr á baklóð fjölbýlishúss á lóð nr. 6 við Mjólnisholt.

Stækkun: 52 ferm., 164,7 rúmm.

Stærð eftir breytingar:

Mhl. 01: 660 ferm., 1.544,2 rúmm.

Mhl. 02: 52 ferm., 175,1 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og svör við athugasemdum byggingarfulltrúa ódagsett.

Frestað. Vísað til athugasemda.

29. Mýrargata 41 – breytingaerindi - USK25110106

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060025 vegna lokaúttektar þannig að bætt er við hurð út á svalir íbúðar 0507 í fjölbýlishúsi við Mýrargötu 41, mhl.01 á lóð nr. 64 við Vesturgötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 22. febrúar 2022.

Frestað. Vísað til athugasemda.

30. Reynimelur 66 – breytingaerindi - USK25100269

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24010330 þannig að innréttadar eru tvær íbúðir og grafið er frá kjallara til norðurs, vesturs og suðurs og útbúin líkamsræktaraðstaða í eigu íbúðar 0201 á lóð nr. 66 við Reynimel. Neikvætt er tekið í erindið samanber tölvupóst skipulagsfulltrúa dags. 27. nóvember 2025.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Synjað. Með vísan í afgreiðslu skipulagsfulltrúa dags. 25. nóvember 2025.

31. Rósarimi 11 – breytingaerindi - USK25110191

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23060141 þannig að innra skipulagi er breytt og björgunarop sett í stað hurðar á kennslustofu við suðurhlíð 1. hæðar Rimaskóla, skólahúss á nr. 11 við Rósarima.

Erindi fylgir yfirlit breytinga aðaluppdráttum samþykktum 5. september 2023.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

32. Skeifan 8 – breytingaerindi - USK25110253

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og uppfæra brunavarnir vegna fjölgunar skjólstæðinga og starfsmanna úr 61 upp í samtals 104 manns á dagvistun í notkunarflokki 5, starfsemi fyrir vinnu og virkni fatlaðra í rými 0201 í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 8 við Skeifuna.

Erindi fylgir greinargerð Öruggr um brunavarnir útg. V04 dags. 17. nóvember 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 3. júní 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

33. Skerplugata 9 - USK25080210

Sótt er um leyfi til að breyta notkun vinnustofu, mhl.02, í íbúð á lóð nr. 9 við Skerplugötu. Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið samanber tölvupóst skipulagsfulltrúa dags. 27. nóvember 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

34. Skipholt 27 - USK24110168

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi, minnka matsal til að koma fyrir skrifstofu og geymslu jafnframt því sem stjórnstöð brunavarna er færð og brunavarnir uppfærðar á 1. hæð í gistiheimili á lóð nr. 27 við Skipholt.

Frestað. Vísað til athugasemda.

35. Skipholt 70 - USK25100489

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi í rými x í atvinnuhúsi á lóð nr. 70 við Skipholt.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 27. maí 1997.

Frestað. Vísað til athugasemda.

36. Skúlagata 28 – breytingaerindi - USK25100487

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055171 vegna öryggisúttektar þannig að snyrtingu fyrir hreyfihamlaða er komið fyrir á 2. hæð, uppsetningu lyftu frestað og brunamerkingum breytt í húsi á lóð nr. 28 við Skúlagötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

37. Stefnisvogur 1 – breytingaerindi - USK25100393

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24070158 þannig að skráningartafla er uppfærð vegna breytinga á eignarhaldi í fjölbýlis- og atvinnuhúsi á lóð nr. 1 við Stefnisvog.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 30. september 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

38. Stefnisvogur 28 – breytingaerindi - USK25100449

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi íbúðar 0206 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 28 við Stefnisvog.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

39. Suðurlandsbraut 22 - USK25090203

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta meðferðarstöð Osteopata fyrir mest 4 skjólstæðinga í senn, í hluta rýmis 0301 í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 22 við Suðurlandsbraut.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

40. Sævarhöfði 33 - USK25110162

Sótt er um leyfi til að rífa iðnaðarhús, mhl. 02 á lóð nr. 33 við Sævarhöfða.

Erindi fylgir áætlun um meðhöndlun á byggingar- og niðurrifsúrgangi dags. 10. nóvember 2025.

Niðurrif, F042842, mhl. 02, merkt 0101 827 ferm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

41. Sóleyjargata 27 - USK25060237

Sótt erum leyfi til að breyta notkun og innrétta alls 9 íbúðir í núverandi gistihúsi á lóð nr. 27 við Sóleyjargötu.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. september 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

42. Sólheimar 23 - USK25030452

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum í fjölbýlishúsi á lóð nr. 23 við Sólheima.

Erindi fylgir húsaskoðun dags. 12. nóvember 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

43. Sólvallagata 1 - USK25100419

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25020064 þannig að brunamerkingum og flóttaleiðum er breytt í einbýlishúsi á lóð nr. 1 við Sólvallagötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

44. Tunguháls 10 - USK25100380

Sótt erum leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0202 á 1. hæð iðnaðarhúss á lóð nr. 10 við Tunguháls.

Erindi fylgir starfsábyrgðartrygging og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 2. nóvember 2021.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

45. Vatnagarðar 6 - USK25060045

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í breyttu innra skipulagi, opnað hefur verið á milli rýma 0101 og 0201, innréttaðar skrifstofur, kaffistofa og búningaöstöða fyrir 22 starfsmenn í matvinnslu og 4 á skrifstofu, komið fyrir nýjum kælum og skábraut til að taka upp hæðamun milli rýma í vinnslusal, rými 0101 í iðnaðarhúsi á lóð nr. 6 við Vatnagarða.

Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 7. nóvember 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdrátta samþykktum 17. júlí 2007 og 6. júlí 2004.

Frestað. Lagfæra skráningu.

46. Vatnsmýrarvegur 10 - USK25100186

Sótt er um heimild til þess að koma fyrir stafrænu auglýsingaskilti á vesturgafli húss BSÍ á lóð nr. 10 við Vatnsmýrarveg.

Stærð skiltis: 4.8 x 3.52 m

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

47. Vesturgata 62 - USK25070036

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061373 þannig að þaksvölum og þakformi er breytt og 4. og 5.- hæð stækkuð í fjölbýlishúsi V4, mhl.04., á lóð nr. 62 við Vesturgötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 24. janúar 2021. Samræmist ekki skipulagi samanber tölvupóst skipulagsfulltrúa dags. 27. nóvember 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

48. Ystibær 13 - USK25110030

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og stækka út að steypu handriði 5. hæð, stækka með fimm hæða viðbyggingu, auk kjallara og fjölga herbergjum í gistiheimili í flokki ? teg ? í alls ? fyrir ? gesti í verslunar og skrifstofuhúsi á lóð nr. 26 við Klapparstíg.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 3. nóvember 2025 og yfirlit breytinga á ósamþykktum skýringarteikningum dags. 21. október 2025.

Hjálagt er deiliskipulagsuppdráttur auglýstur í B-deild Stjórnartíðinda 25. ágúst 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Fundi slitið kl. 14:35

**Brynjar Þór Jónasson
Edda Þórsdóttir
Hafdís Anna Bragadóttir
Sigrún Reynisdóttir
Sigurður Stefán Karlsson
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir**